

# Almennar upplýsingar

23.09.2026

Síminn Pay býður upp á greiðslu- og fjármögnunarlausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki og gerir þér kleift að nálgast þjónustuna í Síminn Pay appinu.

## Sæktu Síminn Pay appið

Þú getur sótt Síminn Pay appið í App Store fyrir Apple-tæki og Google Play fyrir Android-tæki.

## Skráðu þig inn og settu appið upp

1. Sæktu Síminn Pay appið í App Store eða Google Play.
2. Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum eða auðkennisappinu.

Þegar uppsetningu er lokið getur þú sótt um Léttkort eða Léttkaup.

## Bættu Léttkorti við Apple Wallet eða Google Pay

Þegar umsókn um Léttkort hefur verið samþykkt birtist takki undir kortinu þar sem stendur **Bæta korti við Apple Wallet / Google Pay**.



Léttkaup er aðeins í Síminn Pay appinu

Léttkaup er ekki bætt við Apple Wallet eða Google Pay.

## Stæði

Stæði í Síminn Pay appinu er þjónusta sem er beintengd við Bílastæðasjóð Reykjavíkur og gerir þér kleift að greiða fyrir bílastæði beint í appinu.

### Skráðu ökutæki

1. Veldu **Stæði** í appinu.
2. Ýttu á plúsinn (+) efst í hægra horninu.
3. Skráðu bílnúmer ökutækisins.

### Leggðu ökutæki

1. Veldu gjaldsvæði.
2. Ýttu á **Leggja ökutæki**.

## 2 fyrir 1 tilboð

1. Veldu **Tilboð %** neðst á skjánum.
2. Veldu **Síminn Meira**.

Þar birtast þau 2 fyrir 1 tilboð sem eru í boði hverju sinni.

## Heimild

Heimild þín er ákvörðuð út frá mati á greiðslugetu og láns hæfi, byggt á upplýsingum frá Creditinfo. Við matið er meðal annars horft til fjárhagslegra upplýsinga og annarra þátta sem geta haft áhrif á greiðslugetu.

Ef láns hæfismat þitt hækkar eða nýjar upplýsingar berast til Creditinfo sem hafa jákvæð áhrif á matið getur þú átt möguleika á að fá hærri heimild.

Það fylgir enginn fastur kostnaður því að vera með einstaklingsþjónustur Símans Pay. Vextir og önnur gjöld reiknast aðeins þegar þjónustan er nýtt og eftir því sem við á hverju sinni. Sjá nánar á [verðskrá Símann Pay](#)

---